

115 / 57 fundur

Fimmtudagskvöldið 27. sept. 01. kom hreppsnefnd saman til fundar að Langanesvegi 2 og hófst fundur kl. 20:05.

Mættir: Þorsteinn Óla Þorbergsson, Gunnlaugur Ólafsson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Henryr Már Ásgrímsson, Guðmundur Vilhjálmsson og Magnús Már Þorvaldsson.

Oddviti setti fund og bauð menn velkomna.

Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá erindi frá framkvæmdastjóra Lónsins, yrði það til kynningar og undir liðnum einkamál. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Mál. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefndarfundur, 06.09.01.

- Skólamálaráð, 19.09.01. Oddviti bar fram munnlega tillögu sem snertir 2. mál í fundargerð skólamálaráðs að samþykkt yrði sú fjárveiting sem talin er þörf á eða allt að 200. þús. kr. Samþykkt samhljóða. Fundarg. samþ. samhljóða.

- Húsnæðisnefnd, 18.09.01. Fundargerð samþ.samhljóða.

- Íþrótt- og tómstundaráð, 20.09.01. Hreppsnefnd samþ. með fjórum atkv. tillögu nefndarinnar að gjaldskrá, einn sat hjá. Óskaði Þorsteinn eftir að fært yrði til bókar að ástæða þess að hann sat hjá væri sú að dagskrárliður 4 á dagskrá þessa fundar væri gjaldskrármál íþróttamiðstöðvar og leikskóla. Fundargerðin samþ. samhljóða með fyrirvara um 3. mál. í fundargerðinni.

Skýrsla sveitarstjóra í tengslum við fundargerðir, oddviti þakkaði sveitarstjóra greinargóða skýrslu.

2. Mál. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Aðalfundur Eyþings 2001, samþykktar ályktanir. Sveitarstjóri bar fram eftirfarandi tillögu sem samþ. var samhljóða. " Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps mótmælir harðlega þeim niðurskurðaráformum útvarpsráðs sem skerða mun fréttaflutninga af landsbyggðinni verulega og gefur forsendur til að álykta að svæðisstöðvar verði síðar lagðar af. "

- Eyþing 123. fundur, 27.08.01. Samþykkt samhljóða.

- Eyþing 124. fundur, 31.08.01. Samþykkt samhljóða.

- Heilbrigðiseftirlit 37. fundur, 13.09.01. Samþykkt samhljóða.

3. Mál. Starfsmannamál Þórshafnarhrepps.

Tillaga íþrótt- og tómstundaráðs að ráða Eyþór Atla Jónsson sem forstöðumann íþróttamiðstöðvar samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að ganga til samninga við Eyþór Atla. Oddviti bar fram þá tillögu að önnur mál undir þessum lið yrðu afgreidd undir liðnum einkamál á lokuðum fundi. Samþykkt samhljóða.

4. Mál. Gjaldskrármál íþróttamiðstöðvar og leikskóla um gjaldskrármál íþróttamiðstöðvar vísast í afgreiðslu fundargerðar íþrótt- og tómstundaráðs hér að framan. Gjaldskrá leikskóla samþ. samhljóða, með fyrirvara um afgreiðslu skólamálaráðs.

5. Mál. Jafnréttisstofa v/ skipunar Jafnréttisnefndar. Sveitarstjóra falið að kanna hug skólamálaráðs að taka að sér málefni Jafnréttisnefndar Samþ. samhljóða.

6. Mál. Orkustofnun samkomulag um verk. Kynning.

7. Mál. Iðntæknistofnun. Kynning.

8. Mál. Verðbréfastofan. Kynning.

9. Mál. Einkamál. Oddviti óskaði að þessi liður yrði afgreiddur á lokuðum fundi. Samþ. samhljóða.

Fundargerð lesin upp og samþ. samhljóða.
Kristín Kristjánsdóttir, ritari.